

## Afgreiðslufundur

Ár 2025 fimmtudaginn 6. mars, kl. 09:00 var haldinn 1820. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Roda ehf., kt. 560908-0240, dags. 25. febrúar 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Brew Dog) að Frakkastíg 8A, F2004739, rými 01 0111 og 01 0036. Eigendaskipti.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.
- Lögð fram umsókn LEV 103 ehf., kt. 420922-0430, dags. 15. janúar 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; kaffihús (Hygge) að Seljavegi 2, F2000261, rými 0102, 0006 og 0003. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Leyfið tekur til reksturs kaffihúss þar sem öll matvæli koma tilbúin til afgreiðslu og upphitunar á staðnum. Engin matseld fer fram á kaffihúsi.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 24. febrúar 2025, vegna bréfs sýslumanns, dags. 24. febrúar 2025, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Roda ehf., kt. 560908-0240, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Brew Dog) að Frakkastíg 8A, F2004739, rými 01 0111 og 01 0036.  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 7. febrúar 2025, vegna bréfs sýslumanns, dags. 7. febrúar 2025, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Brimex ehf., kt. 441124-0230, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki III, tegund; skemmtistaður (Exit) að Austurstræti 3, F2219009, rými 02 0201 og F2219010, rými 02 0301.  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*. Starfsleyfi í gildi til 21. nóvember 2036.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. febrúar 2025, vegna bréfs sýslumanns, dags. 26. júlí 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Skólavörðustígs 40 ehf., kt. 481113-0910, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús, ásamt útveitingum til kl. 21:00 alla daga (Kol) að Skólavörðustíg 40, F2350920.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Fyrir liggur samningur um afnot af borgarlandi og teikningar af útisvæði. Vegna grenndaráhrifa er notkun hátalara á útisvæði bönnuð. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti*. Starfsleyfi í gildi til 14. febrúar 2026.

6. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 5. mars 2025, vegna bréfs sýslumanns, dags. 5. mars 2025, þar sem óskað er umsagnar um umsókn D-2020 ehf., kt. 481020-0850, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús ásamt útveitingum til kl. 21:00 alla daga (Ýmir veitingar) að Arngrímsgötu 5, F2327912, rými 01 0101.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Fyrir liggja teikningar af útisvæði. Vegna grenndaráhrifa er notkun hátalara á útisvæði bönnuð. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*. Starfsleyfi í gildi til 9. janúar 2037.

7. Lögð fram umsókn Berserkja ehf., kt. 590902-2920, dags. 26. febrúar 2025, um skráningu á hreinsun á límeftni sem inniheldur asbest á gólfi í húsnæði við Bárugötu 3, F2001869. Ný starfsemi.

Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur* og *Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.

8. Lögð fram umsókn Berserkja ehf., kt. 590902-2920, dags. 25. febrúar 2025, um skráningu á niðurrifi á frænnislistamma úr asbesti í húsnæði við Brávallagötu 12, F2004232, F2004233, F2004234. Ný starfsemi.

Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur* og *Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.

9. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, velferðarsviðs, kt. 530269-7609, dags. 27. febrúar 2025, um starfsleyfi fyrir félagsaðstöðu fullorðinna (Félagsstarf Furugerði) að Furugerði 1, F2034064, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.

10. Lögð fram umsókn Sánagús ehf., kt. 570424-1650, dags. 19. febrúar 2025, um starfsleyfi fyrir færanlega baðstofu (Sækot). Ný starfsemi.

Samþykkt að hafna starfsleyfisumsókn þar sem starfsemin sem sótt er um samræmist ekki skilgreiningu á færanlegri starfsemi sbr. 15. málslíð 3. gr. *Laga nr. 7/1998*.

11. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, kt. 530269-7609, dags. 1. júlí 2022, að loknu auglýsingaferli, um tímabundið starfsleyfi fyrir móttöku á úrgangi (jarðefni) til geymslu á millilager og endurnýtingar í fyllingar við Úlfarsfell sbr. afmörkun í deiliskipulagi "Kirkjugarður við Úlfarsfell". Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 31. desember 2028 með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Starfsleyfiskilyrðum fyrir umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur, skrifstofu framkvæmda og viðhalds vegna móttöku á úrgangi til endurnýtingar í fyllingar innan svæðis fyrir grafreit við Úlfarsfell.*

12. Lögð fram umsókn Kush ehf., kt. 560622-0310, dags. 25. febrúar 2025, um leyfi til tóbakssölu (Kush) að Hraunbæ 102b. Nýtt leyfi.

Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum.*

### **Fundi slitið kl. 10:11**

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson